

Nóri og NAV-tenging: Leiðbeiningar

Nóri er námskeiðakerfi sem er í notkun hjá íþróttafélögum. NAV er bókhaldskerfi sveitarfélaga sem er þróað af Maritech. Með tengingu þessara kerfa er íþróttastyrkur sveitarfélagsins millifærður beint frá sveitarfélaginu til íþróttafélaganna án fyrirhafnar iðkendanna/greiðendanna. Þessar leiðbeiningar lýsa hvernig tengingin virkar, uppsetningunni sem þarf að gera NAV megin, hvernig skoða má gögnin NAV megin og leiðbeina hvernig nota á bókunaraðgerðina.

Bjartey Sigurðardóttir

1/29/2013

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Yfirlit yfir ferlið	4
Hvernig virkar tengingin?	4
Uppsetning	5
Grunnstillingar í NAV.....	5
Nóri og NAV tenging	5
Íþróttafélög	6
Tegund námskeiðs	6
Póstnúmer sveitarfélags	7
Tímabil styrkúthlutunar	8
Uppsetning námskeiða (Nóra-megin)	9
Námskeið	9
Námskeiðstímabil.....	10
Ferlið	11
Skráningar frá Nóra	11
Iðkendur.....	11
Skráning á námskeið	12
Enda námskeið.....	13
Handvirk skráning í NAV (félög utan Nóra).....	14
Bókun og greiðsla styrks	15
Stillingar	15
Bóka styrk á íþróttafélög.....	15
Bóka styrk á iðkendur	16
Styrksgreiðslufærslur	16
Úttekt og greining gagna.....	18
NAV Skýrslur	18
Viðauki	19
Töfluyfirlit.....	19
Yfirlit yfir samskiptaaðgerðir	20
Sýnidæmi.....	21

INNGANGUR

Nóri er skráningar- og greiðslukerfi sem er notað hjá íþróttafélögum til að halda utan um börn og íþróttaiðkun þeirra, t.d. fimleikaæfingar, fótbolta og ýmis konar íþróttanámskeið. Nóri er þróaður hjá fyrirtækinu Dynax.

Flest sveitarfélög greiða börnum sem iðka íþróttir eða tómstundastarf styrk eða niðurgreiðslu æfingagjalda. Áður þurfti forráðamaður að sækja styrkinn til sveitarfélagsins með því að leggja fram kvittun fyrir greiddum æfingagjöldum. Með Nóra tengingunni verður þetta skref óþarft því í gegnum Nóra greiða forráðamenn æfingagjöld barnanna en íþróttastyrkur viðkomandi sveitarfélagsins kemur til frádráttar greiðslunni strax. Á ákveðnum tímapunktum greiðir síðan Hafnarfjarðarbær íþróttastyrkinn beint til íþróttafélagsins.

Tenging **Nóra** við **NAV** bókhaldskerfi bæjarins felur í sér að ...

- NAV haldi utan um hvaða börn eru á námskeiðum
- Geti svarað Nóra fyrirspurn um það hversu mikinn íþróttastyrk barn á inni með það að markmiði að greiðslukerfi Nóra rukki forráðamanninn um rétta upphæð, þ.e. verð námskeiðs að frádragnum íþróttastyrk
- Innihalda aðgerð til að reikna út samtals upphæð sem bærinn á að greiða hverju íþróttafélagi í hverjum mánuði, miðað við skráningu barna á námskeið og þann styrk sem dreginn var af námskeiðsverði hverju sinni
- Gera kleift að nota gögnin í tölfræðiúrvinnslu, t.d. með skýrslum í NAV eða í gagnateningi

YFIRLIT YFIR FERLIÐ

Heildarferlið eftirfarandi:

- a) Það er ákveðin **grunnuppsetning** sem þarf að gera í NAV í byrjun, þ.e. áður en hægt er að byrja að nota tenginguna. Hér er um að ræða:
 - a. Stillingar á því hvernig styrkurinn er reiknaður út
 - b. Lista yfir þau íþróttafélög (þau Nóra-kerfi) sem mega tengjast NAV
- b) **Umsjónarmaður Nóra kerfisins** í sérhverju íþróttafélagi stofnar námskeiðin í kerfinu sínu. Um leið sendist skeyti til NAV um nýtt námskeið. Umsjónarmaður NAV megin (t.d. íþróttafulltrúi) getur skoðað lista yfir öll skráð námskeið. Hvert námskeið getur haft mörg tímabil og getur verið styrkhæft eða ekki.
- c) **Forráðamaður** skráir sig í Nóra kerfi ákveðins íþróttafélags á vefsíðu og ...
 - a. skráir sitt barn sem iðkanda
 - b. stofnar skráningu fyrir barnið á ákveðið námskeið. Þá birtist á skjánum hversu mikinn tómskundastyrk barnið á óráðstafaðan. Forráðamaður velur hvort það ætlar að nýta tómsundaframlagið til lækkunar og þá hversu mikið.
 - c. Gengur frá greiðslu með kreditkort. Um leið og það er gert stofnast færsla í NAV um námskeiðsskráninguna og hversu mikilli upphæð var ráðstafað.
- d) **Bókari hjá sveitarfélaginu** keyrir mánaðarlega aðgerð sem safnar saman heildarstyrkupphæð íþróttafélaganna og bókar í fjárhaginn og til greiðslu á íþróttafélögin.

Hver liður er útskýrður nánar í köflunum hér á eftir.

HVERNIG VIRKAR TENGINGIN?

Samskiptin milli NAV og Nóra eru útfærð með vefþjónustu.

- Nóri sendir inn í vefþjónustuna skeyti til að skrá nýjar færslur í töflu(r) í NAV.
- Einniig sendir Nóri sendir fyrirspurn á vefþjónustuna sem talar við NAV og skilar styrkupphæðinni sem iðkandinn á óráðstafað.

Ath: NAV skráir aldrei færslur inn í Nóra-kerfin.

UPPSETNING

Uppsetning kerfisins er þannig að fyrst þarf að gera ákveðnar grunnstillingar í NAV. Síðan setja umsjónarmenn íþróttafélaganna upp námskeiðin og kerfið sendir öll skráð námskeið yfir í NAV sjálfkrafa.

GRUNNSTILLINGAR Í NAV

Nóri og NAV tenging

Þetta er spjald til að geyma grunnstillingar. Á fyrsta flípanum, Uppsetning, eru stillingar fyrir það hvernig styrkurinn er reiknaður. Næstu flípar koma við sögu síðar.

Aðferð styrkúthlutunar stjórnar því hvernig styrkupp hæðin er reiknuð. Valkostirnir eru tveir:

1. Mánaðarstyrkur
 - Styrkurinn er föst upphæð á hverjum mánuði. (Sjá reitina fyrir neðan, þ.e. 2 mismunandi reitir fyrir hvern aldurshóp)
 - Styrkurinn reiknast út miðað við hversu marga mánuði námskeiðið tekur, en það skiptir engu máli hvenær á árinu námskeiðið er.
2. Tímabilsstyrkur
 - Styrkurinn er ákveðinn upphæð fyrir tímabil. Tímabilið þarf að vera sett upp í töflunni **Tímabil styrkúthlutunar**.
 - Hvert námskeið tilheyrir því tímabili sem upphafsdagsetning námskeiðsins fellur innan, þ.e.a.s. fyrir námskeið sem byrjar t.d. í desember og stendur fram á næsta ár er aðeins hægt að nota styrkinn fyrir fyrra árið, en ekki styrkinn sem verður gildur eftir áramót.

Aðrir reitur á flípanum **Uppsetning** eru:

HEITI REITS	SKÝRING
Mán.styrkur 6-12 ára	Uppsetningareitir sem kerfið notar til að reikna út styrk á mánuði ef Aðferð styrkúthlutunar = Mánaðarstyrkur.
Mán.styrkur 13-16 ára	
Sýna námskeið frá dags.	Stýring til að fela eldri námskeið þegar skoðað inni í NAV.
Lágmarkstímabil (dagar)	Ef námskeiðið sem sótt er um er styttra en hér segir til um þá skilar kerfið alltaf 0 kr í styrk.
Greiða fyrir liðinn tíma	Þetta hak stjórnar því hvort reikna megi út styrk fyrir þann hluta námskeiðs sem þegar er liðinn þegar sótt er um. Þ.e.a.s. hefur bara áhrif ef reynt er að skrá iðkanda á námskeið sem er þegar byrjað.

Íþróttafélög

Listi yfir öll íþróttafélögin sem er með námskeið sem sveitarfélagið styrkir.

Kóti	Heiti	Greitt til iðkanda	Lánardrot... nr.
BJÖRK	Fimleikafélagið Björk		0101634...
DANS	Dans - ekki í Nóra		
FH	FH		
GAFLAR...	Gaflaraleikhúsið		
HAUKAR	Haukar Hafnarfirði		1202575...
STJARNAN	Stjarnan, Garðabæ		
SÖNGLIST	Sönglist		
▶ UTAN NÓ...	Utan Nóra	<input checked="" type="checkbox"/>	

HEITI REITS	SKÝRING
Kóti	Einkvæmt tákni (bókstafir)
Heiti	Heiti íþróttafélagsins
Greitt til iðkanda	Það er hægt að vera með utanumhald fyrir styrki sem koma ekki í gegnum Nóra en þær færslur eru skráðar handvirkt inn í kerfið. Til þess að það sé hægt þarf að stofna íþróttafélag (eða fleiri) í þessa töflu og haka við þennan dálk.
Lánardrottinn nr.	Lánardrottinsnúmer íþróttafélagsins, notað þegar samtals íþróttastyrkur er bókaður á íþróttafélagið í lok hvers mánaðar.

Þessi tafla er stofnuð í NAV, þ.e. hjá sveitarfélaginu. Eingöngu er lesið úr henni og yfir í Nóra, en ekki öfugt.


Tegund námskeiðs

Í þessa töflu má stofna lista yfir þær íþróttategundir sem eru í boði, t.d: Fótbolti, Fimleikar, Handbolti, Körfubolti, Frjálsar íþróttir o.s.frv.

Þessi tafla er notuð ...

- Fyrir tölfræðiúrvinnslu
- Til að stjórna hakinu Styrkhæft á námskeiðum.

Það má sleppa því að nota **Tegundir námskeiða**.

**HEITI REITS****SKÝRING****Kóti**

Einkvæmt tákn, bókstafir.

Lýsing

Fjárís texti.


Styrkhæft

Tilgangurinn með þessum reit er að geta stofnað tegund sem er ekki styrkhæf. Þegar sú tegund væri sett á námskeið (sem hefur verið stofnað í Nóra hjá einhverju félaginu) þá fer einnig hakið Styrkhæft af því námskeið.

Þegar stofnuð er ný færsla kemur sjálfkrafa hak en síðan er hægt að taka það út ef við á.


Póstnúmer sveitarfélags

Í glugganum Póstnúmer þarf að haka við þau pósthúmer sem tilheyra sveitarfélaginu. Þetta er gert til þess að ekki reiknist styrkur ef iðkandi á ekki lögheimili innan sveitarfélagsins.



Tímabil styrkúthlutunar

Þessa töflu þarf eingöngu að nota þegar útreikniaðferðin er Tímabilsstyrkur. Styrkurinn er þá ákveðin upphæð á tímabil (t.d. ár) sem þarf að setja upp í þessari töflu.



Tímabil nr.	Frá dags.	Til dags.	Lýsing	Styrkur
2012	01.01.12	31.12.12	Árið 2012	23.500
2013	01.01.13	31.12.13	Árið 2013	25.000

UPPSETNING NÁMSKEIÐA (NÓRA-MEGIN)

Námskeið

Þegar umsjónarmaður í Nóra stofnar nýtt námskeið, þá keyrist samskiptaaðgerð sem stofnar námskeiðið í töfluna **Námskeið** í NAV. Þar er hægt að skoða námskeiðin á lista og á spjaldi fyrir hvert námskeið sem lítur svona út:

HEITI REITS	SKÝRING
Nr.	Tákn námskeiðsins.
Kóti félags	Númer íþróttafélagsins sem er með námskeiðið.
Deild	Lýsing deildarinnar.
Flokkur	Lýsing flokksins.
Lýsing	Lýsing námskeiðsins.
Tegund námskeiðs	Vísun í töfluna Tegund námskeiðs . Ath: Nóri skráir ekki í þennan reit en umsjónarmaðurinn NAV megin getur sett gildi í reitinn vegna tölfræðilegra þarfa eða til að breyta styrkhæfu námskeiði í óstyrkhæft.
Styrkhæft	Hér er hak ef námskeiðið er styrkhæft.
Sýna á vef frá dags.	Hægt er að skrá námskeiðið áður en það birtist á vefnum.

Eftir að færslan kemur inn frá Nóra, þá á ekki að breyta henni Nóra-megin, en notandi NAV kerfisins hjá bænum getur breytt færslunni. Til dæmis ef námskeiðið á ekki að vera styrkhæft gæti umsjónarmaðurinn hjá bænum tekið það hak úr færslunni og þá myndu ekki reiknast styrkir á námskeiðið. Þessa leiðréttingu þyrfti þá að gera áður en kemur að dagsetningunni í **Sýna á vef frá dags.**

Námskeiðstímabil

Námskeiðshausinn hefur ekki ákveðið tímabil, heldur er önnur talfa **Námskeiðstímabil** sem inniheldur tímabil námskeiðs, sem geta verið mörg fyrir hvert námskeið og geta einnig skarast. Tímabilin má sjá á neðri hluta Námskeiðsins:

Tímabil nr.	Lýsing	Frá dags.	Til dags.
▶ 1	Haustönn 2012	01.09.12	31.12.12
2	Vorönn 2013	01.01.13	31.05.13

HEITI REITS	SKÝRING
Tímabil nr.	Oftast hlaupandi númer frá 1 en það fer þó eftir hvernig gögnin eru skráð í Nóra.
Lýsing	Lýsing tímabilsins.
Frá dags.	Upphaf tímabilsins.
Til dags.	Lok tímabilsins.

Þegar sótt er um námskeið þarf Nóri að senda númerið Tímabil nr. inn í NAV og þá er reiknuð út lengd námskeiðsins og upphæðin reiknuð samkvæmt henni.

FERLIÐ

SKRÁNINGAR FRÁ NÓRA


Þær skráningar sem koma frá Nóra þegar forráðamenn eða íþrótttafulltrúar skrá iðkendur eru...

- A. Nýr iðkandi
- B. Skráning á námskeið


Einnig getur Nóri sent fyrirspurn inn í NAV til að athuga hversu háan styrk iðkandi á inni, en þegar það er gert skráist ekkert í kerfið.

Iðkendur

Þegar iðkandi (barn) er skráð í Nóra stofnast það um leið í NAV. Í NAV safnast því upp listi yfir alla iðkendur frá öllum íþróttafélögnum.



Iðkendur má sjá bæði á lista og síðan má skoða nánar með því að opna spjald með **Shift+F5**.



Ef búið er að skrá iðkandann á námskeið sjást skráningarnar í neðri hluta formsins.

Nánar um stofnun iðkenda:

- Ef færsla berst frá Nóra með sömu kennitölu er þegar til í töflunni stofnast ekkert, þ.e.a.s. höldum færslunni óbreyttri.
- Aðsetur er skráð eins og það kemur frá Nóra (en berum ekki saman við þjóðskrána sem kann að vera í NAV).
- Þjóðskrársamanburður er svo gerður fyrir pósthúmerið þegar kemur fyrirspurn um hvort iðkandi fái styrk, þ.e.a.s .

Skráning á námskeið

Þegar greiðsla gengur í gegn í Nóra, þá stofnast færsla í töflunni **Styrkfærsla**.

Fær...	Kóti félags	Námskeið nr.	Lýsing námskeiðs	Heiti iðkanda	Frá dags.	Til dags.	Styrkur	Uppgert	Bi
4	BJÖRK	BJORK S1	Björk - fiml.flokkur S1	Alma Kristín Sigurjónsdó...	01.09.12	31.12.12	2.341	✓	
5	BJÖRK	BJ S2	Björk, fiml.flokkur S2	Alma Kristín Sigurjónsdó...	01.01.12	24.03.12	400	✓	
6	BJÖRK	BJORK S1	Björk - fiml.flokkur S1	Andrea Tumadóttir	15.10.12	31.12.12	4.250		
7	HAUKAR	HAUKAR F1	Haukar, fótb. 1. fl.	Andrea Tumadóttir	01.09.12	31.12.12	6.000		
8	HAUKAR	HAUKAR F2	Haukar, fótb. 2. fl.	Ísar Hugi Gestsson Fan...	01.09.12	31.12.12	6.000		
9	HAUKAR	HAUKAR F3	Haukar, fótb. 3. fl.	Þrinar Máni Gestsson F...	01.09.12	31.12.12	6.000		

HEITI REITS	SKÝRING
Færslunr.	Einkvæmt færslunúmer.
Kóti félags	Vísun í íþróttafélagið.
Námskeið nr.	Vísun í Námskeið. Einkvæmur lykill námskeið er bæði Kóti félags og Námskeið nr.
Lýsing námskeiðs	Gildi sótt beint af námskeiðssjaldinu.
Deild	
Flokkur	
Tegund námskeiðs	Ef Tegundir hafa verið tilgreindar á námskeiðin, þá skrifast í þennan dálk sem gefur möguleika á skýrslugerð.
Styrkhæft	Hér er hak ef námskeiðið er styrkhæft. Ef er ekki hak, þá ætti aldrei að vera upphæð í reitnum Styrkur .
Kennitala	Vísun í iðkanda.
Heiti iðkanda	Nafn iðkanda, eins og það er á iðkandasjaldinu.
Tímabil nr.	Númer námskeiðstímabilsins. Vensl við töfluna Course Period
Frá dags.	Tímabilið sem greitt hefur verið fyrir. Venjulega passa dagsetningarnar við það tímabil sem venslað er við í reitnum Tímabil nr. en það þarf ekki að vera því e.t.v. hefur iðkandinn byrjað seinna, eða hætt í námskeiðinu.
Til dags.	
Verð námskeiðs	Upphæðin sem námskeiðið kostaði.

Styrkur	Íþróttastyrkur sem hefur verið ráðstafað fyrir þessa námskeiðsskráningu.
Greiðsla	Upphæðin sem forráðamaður greiddi, þ.e. Upphæð – Styrkur .
Uppgert	Ef er búið að bóka allan styrkinn á (íþróttta)félagið, þá birtist hak hér.
Bókaður styrkur	Þegar er bókað á (íþróttta)félagið birtist samtals bókað hér.
Óuppgert	Útreiknaðar eftirstöðvar, þ.e. Styrkur – Bókaður styrkur .
Hættur	Hak til að merkja færslur þar sem skeyti barst frá Nóra um að iðkun hafi verið hætt. *)
Hættur dags.	Ef barnið hætti fyrir lok tímabils. *)
Stofnað þann	Dagsetning og tími þegar færslan var stofnuð.
	<i>Síðan eru nokkrir fleiri reitir í töflunni sem verður lýst síðar þar sem fjallað er um handskráðar færslur.</i>

*) Sjá kaflann **Enda námskeið**

Enda námskeið

Hægt er að senda skeyti frá Nóra um að barn hafi hætt iðkun. Þá skrifast ný endadagsetning í reitinn **Hættur dags.** í færslunni, færslan verður einnig uppfærð með endurreiknaðri styrkuppþæð m.v. dagsetninguna þegar barnið hætti. Þetta er gert til þess að hætta að bóka styrk á íþróttafélagið eftir þann tíma.

Sjá sýnidæmi í viðauka um þetta.

HANDVIRK SKRÁNING Í NAV (FÉLÖG UTAN NÓRA)

Sveitarfélagið þarf einnig að úthluta styrk til iðkenda sem velja námskeið hjá félögum sem **ekki eru með Nóra**. Í þessu tilfalli hefur forráðamaðurinn greitt námskeiðið að fullu en sækir um styrkinn eftir á til sveitarfélagsins.

Þetta var útfært með sérstöku skráningarformi í NAV.

8 - Skrá iðkanda á námskeið

Kennitala 0311013010 ↑

Heiti iðkanda Ísar Hugi Gestsson Farndal

Greiðist til. 1809725449 ↑

Greiðist til - Nafn Bjartey Sigurðardóttir

Bankanúmer 0567

Númer bankareiknings 26-000727

Kóti félags HAUKAR ↑

Námskeið nr. HAUKAR F2 ↑

Lýsing námskeiðs Haukar, fótb. 2. fl. ↓

Tímabil nr. 1 ↑

Frá dags. 01.09.12

Til dags. 31.12.12

Verð námskeiðs 24.000

Styrkur 6.000


Færslur ▼ Sækja styrk Hjálp

Formið er notað þannig:

1. Spjald er stofnað fyrir hverja námskeiðsskráningu.
2. Allir reitir eru fylltir út. Hér þarf að velja greiðanda og réttar bankaupplýsingar til þess að hægt sé að millifæra styrkuppþæðina á forráðamanninn.
3. Smellt er á hnappinn **Sækja styrk** og þá reiknar kerfið út þá styrkuppþæð sem iðkandinn á inni.
4. Þegar skráningin er orðin rétt er forminu lokað.

BÓKUN OG GREIÐSLA STYRKS

Á ákveðnum tímamótum (sennilega um hver mánaðarmót) þarf að taka saman heildarupphæð styrks sem Hafnarfjarðarbær þarf að greiða hverju íþróttafélagi. Þetta yrði leyst með keyrslu í NAV sem notandi keyrir handvirkt.



Stillingar

Á flípanum **Bókun** á grunnstillingaspjaldinu þarf að setja upp stillingar sem bókunaraðgerðin notar.

Uppsetning	Bókun	Staða
Reikningur nr.	9260	↑
Heiti reiknings.	Styrkur til íþróttamála	
Sniðmát færslubókar . .	FJÁRHAGUR	↑
Keyrsla færslubókar . . .	NÓRI	↑
Málaflokkur	06	↑
Deildarkóti	81	↑
Viðskiptareikningur . . .	ALM	↑

Buttons: Uppsetning, Vinnsla, Prenta, Hjálp

HEITI REITS	SKÝRING
Reikningur nr.	Sá fjárhagsreikningur sem bókað er á í lok hvers mánaðar þegar styrkurinn er gerður upp til íþróttafélagana.
Sniðmát færslubókar, Keyrsla færslubókar	Sú færslubók sem er notuð er af bókunaraðgerðinni.
Málaflokkur, Deildarkóti	Einnig notað í mánaðarlegu bókuninni.
Viðskiptareikningur	Bókunin stofnar lánardrottnafærslur á þennan viðskiptareikning.

Bóka styrk á íþróttafélög

Bókunaraðgerðin heitir **Bóka styrk á íþróttafélög** og er að finna undir Tímabilsaðgerðum í valmyndinni.

1. Aðgerðin er ræst þannig að notandi velur þann mánuð sem skal bóka.

- Aðgerðin myndi skoða allar námskeiðsskráningar (**Styrkfærslur**) innan þessa mánaðar og reikna hversu hár styrkur tilheyrir viðkomandi mánuði og sú upphæð skráð í töfluna **Styrkgreiðslufærsla**.
- Samtalan fyrir hvert íþróttafélag bókuð í gegnum færslubók => lánardrottinsspjaldið fær stöðu til greiðslu sem væri gerð upp á hefðbundinn hátt í NAV.

Bóka styrk á iðkendur

Ef einhverjar styrkfærslur hafa verið handskráðar inni í NAV, þ.e. með forminu **Skrá iðkanda á námskeið** þá eru þær færslur bókaðar með annarri aðgerð, þ.e. aðgerð sem bókar styrkinn á þá forráðamenn sem greiddu námskeið að fullu, þ.e. án niðurgreiðslu.

Bókunaraðgerðin heitir **Bóka styrk á iðkendur** og er að finna undir Tímabilsaðgerðum í valmyndinni.

- Aðgerðin er ræst þannig að notandi velur þann mánuð sem skal bóka.
- Aðgerðin myndi skoða allar námskeiðsskráningar (**Styrkfærslur**) innan þessa mánaðar og reikna hversu hár styrkur tilheyrir viðkomandi mánuði og sú upphæð skráð í töfluna **Styrkgreiðslufærsla**.
- Samtalan fyrir hvert íþróttafélag bókuð í gegnum færslubók => lánardrottinsspjaldið fær stöðu til greiðslu sem væri gerð upp á hefðbundinn hátt í NAV.

Styrksgreiðslufærslur

Þegar færsla er notuð til þess að halda utan um það hversu mikinn styrk búið er að gera upp til íþróttafélagsins.

Aðeins notuð í NAV og engin tenging við Nóra.

HEITI REITS	TEGUND	SKÝRING
Færslunr.	Entry No.	Integer Vensl við töfluna Námskeiðsskráning. Frumlykill: Færslunr., Bókunardags.
Payment No.	Bókun nr.	Code 20

Bókunardags.	Posting date	Code 20	
Númer fylgiskjals	Document No.	Code 20	
Lánardrottinn nr.	Vendor No.	Code 20	Geymt í töflunni þ.a. sé hægt að greina greidda upphæð per lánardrottinn og tímabil.
Bókuð upphæð	Posted Amount	Decimal	Sú upphæð sem var bókuð á lánardrottinn.

ÚTTEKT OG GREINING GAGNA

Hægt er að taka út tölfræði úr kerfinu með ýmsum hætti, til dæmis með...

- NAV skýrslum
- SSRS skýrslum
- Wise Analyzer
- Gagnatening

NAV Skýrslur

Í þessari útgáfu eru til staðar þær skýrslur sem eru listaðar upp hér á eftir. Auðvelt er að bæta við fleiri skýrslum ef þörf verður á.

LISTI NÁMSKEIÐA

Listi yfir námskeið, flokkaður eftir félögum og sýnir hversu margir iðkendur eru skráðir á hvert.

STYRKUR – SAMTÖLUR

Þessi skýrsla prentar út Styrkfærslurnar og flokkar þær eftir félagi, námskeiði og sýnir hversu mikið hefur verið gert upp til félagsins og hversu mikið er óuppgert.

Styrkur - Samtölur
Sveitastjóri 5.01 Þróunarsafn

12. febrúar 2013
Bls. 1
bjartey

Kennitala	Heiti iðkanda	Frá dags.	Til dags.	Hættur dags.	Styrkur	Bókaður styrkur	Óuppgert
BJÖRK							
Fimleikafélagið Björk							
BJ S2	Björk, fiml.flokkur S2						
0411982709	Dórey Kristinsdóttir	01.09.12	31.08.13		25.000	12.397	16.644
3001082340	Alma Kristín Sigurjónsdóttir	01.01.12	24.03.12		400	400	
					25.400	12.797	16.644
BJORK S1	Björk - fiml.flokkur S1						
0311013010	Ísar Hugí Gestsson Fanndal	01.01.13	31.05.13		500		
0311013010	Ísar Hugí Gestsson Fanndal	01.09.12	31.12.12	15.10.12	400	400	
1509002980	Andrea Tumadóttir	15.10.12	31.12.12		4.250	926	3.324
3001082340	Alma Kristín Sigurjónsdóttir	01.09.12	31.12.12	12.10.12	2.341	2.341	
					7.491	3.667	3.324

STYRKUR – SKILAGREIN

Þetta er skýrsla sem er hugsuð til að senda íþróttafélaginu með hverri greiðslubókun til upplýsinga.

VIÐAUKI

TÖFLUYFIRLIT

Eftirfarandi er yfirlit yfir töflur kerfisins.

Heiti töflu ISL / ENU	Skýring	Flæði gagna
Grunnuppsetning Nori Setup	Tafla sem inniheldur aðeins eina færslu (eitt uppsetningaspjald) til að geyma ýmis konar grunnstillingar.	Sett upp handvirkt í NAV í upphafi innleiðingar
Íþróttafélag Sports Union	Listi yfir íþróttafélögin sem eru með tengingu við NAV.	Sett upp handvirkt í NAV í upphafi innleiðingar og ef bætast við íþróttafélög
Tegund námskeiðs Course Type	Listi yfir helstu tegundir námskeiða. Fyrir statisík – engin tengi við Nóra.	Sett upp handvirkt í NAV í upphafi innleiðingar
Tímabil styrkúthlutunar Grant Period	Tafla til að halda utan um tímabil styrkúthlutunar, til dæmis eru skráð árin og hversu mikill styrkurinn er á ári..	Stofnað í NAV, t.d. á hverju ári
Námskeið Course	Listi yfir öll námskeið, bæði styrkhæf og ekki styrkhæf.	Sent frá Nóra
Námskeiðstímabil Course Period	Listi yfir tímabil námskeiða, hvert námskeið getur haft mörg tímabil.	Sent frá Nóra
Iðkandi Participant	Listi yfir öll börn sem hafa fengið (sótt um) íþróttastyrk. Gögn í þessa töflu myndast smám saman, þ.e. við skráningar á námskeið.	Sent frá Nóra
Styrksfærsla Grant Entry	Færslur sem geyma allar skráningar, þ.e. öll skráð og greidd námskeið per barn, íþróttafélag og tegund námskeiðs.	Sent frá Nóra
Styrksgreiðslufærsla Grant Payment Entry	Tafla sem kerfið skráir í þegar styrkur er bókaður til greiðslu til íþróttafélags. Tenging við fjárhagsbókhaldið í gegnum fylgiskjalnúmer.	Stofnað af bókunaraðgerð í NAV, t.d. mánaðarlega

YFIRLIT YFIR SAMSKIPTAÆÐGERÐIR

<i>Heiti aðgerðar</i>	Tegund samskipta	Skýring	Aðgerð í NAV codeuniti?
Sækja númer íþróttafélaga	Fyrirspurn (skilar lista)	Vefþjónusta les beint með SQL fyrirspurn töfluna Sports Union	
Nýtt námskeið	Skráning færslu	Vefþjónusta stofnar færslu Course beint í gagnagrunninn.	
Nýtt námskeiðstímabil	Skráning færslu	Vefþjónusta stofnar færslu Course Period beint í gagnagrunninn.	
Nýr iðkandi	Skráning færslu	Vefþjónusta skrifar færslu Participant beint í gagnagrunninn.	
Sækja styrk	Fyrirspurn (skilar Decimal)	Kallað á codeunit í NAV (NAS)	GetAvailableGrant
Skrá á námskeið	Skráning færslu	Vefþjónusta skrifar færslu Grant Entry beint í gagnagrunninn.	
Enda námskeið	Breyting á færslu sem er til fyrir í NAV	Kallað á codeunit í NAV (NAS)	ParticipantQuit

SÝNIDÆMI

IÐKANDI HÆTTIR

Í þessu dæmi er tímabilið 5 mánuðir: janúar til maí. Styrkur á mánuði er 1.000 kr.

1. Skeyti berst frá Nóra um skráningu barns 1/1 – 31-5.
 - a. Kerfið stofnar námskeiðsfærslu fyrir 01.01-31.05, skráir í hana styrk upp á 5.000 kr.
2. Í lok janúar bókast 1.000 kr. á íþróttafélagið
 - a. Skráist í töfluna **Greiddur styrkur** sem tengist námskeiðsfærslunni
3. Í lok febrúar bókast 1.000 kr á íþróttafélagið
 - a. Skráist í töfluna **Greiddur styrkur** sem tengist námskeiðsfærslunni
4. Í mars berst skeyti um að barnið hætti iðkun 15. mars => hálfu tímabilinu lokið.
 - a. Kerfið skráir í **Hættur dags.** í námskeiðsfærslunni og breyttir upphæðinni í 2.500
5. Í lok mars bókast 500 krónur til íþróttafélagsins.
6. Ekkert bókast meir.

Ath: Ef er búið er að bóka **of mikið** á íþróttafélagið m.v. nýja endadagsetningu, þá er íþróttafélagið **ekki** krafðið um endurgreiðslu.